

Samræmdur staðall um upplýsingaskipti á fjárhagsupplýsingum

Hvað er CRS?

CRS (e. *Common Reporting Standard*) er samræmdur og alþjóðlegur staðall Efnahags- og framfararstofnunarinnar (e. OECD) um sjálfvirk upplýsingaskipti á fjárhagsupplýsingum milli landa. Hugmyndin á rætur að rekja til fundar G20 ríkjanna en meginmarkmið staðalsins er að koma í veg fyrir skattundanskot með árlegri upplýsingamiðlun milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Fjármálafyrirtækjum er gert að koma auga á og safna saman upplýsingum um reikninga viðskiptavina sinna með skattalega heimilisfesti í öðru ríki eða annarri lögsögu en fjármálafyrirtækið og koma þeim upplýsingum til lögbærs yfirvalds.

Af hverju CRS?

Fjármálafyrirtækjum er nú þegar, á grundvelli landslaga og alþjóðaskuldbindinga, gert að safna saman tilteknum upplýsingum um skattalega heimilisfesti viðskiptavina sinna og tilkynna til lögbærs yfirvalds. Það liggur því beint við að með því að taka þátt í samstarfinu leggja fjármálafyrirtæki á Íslandi sitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir skattundanskot og stuðla þannig að öruggu og heilbrigðu samfélagi.

Hvaða þýðir það fyrir mig?

CRS hefur áhrif á alla einstaklinga, lögaðila og raunverulega eigendur lögaðila sem eru skattalega heimilisfastir í öðru ríki en á Íslandi og Bandaríkjunum. Viðskiptavinir, sem eru skattalega heimilisfastir í öðru ríki, bera skyldu til að upplýsa fjármálafyrirtæki, sem þeir eru í viðskiptum við hér á landi, um skattalega heimilisfesti sína, erlenda skattkennitölu sína (e. *Tax Identification Number* – *TIN*) og heimilisfang.

Hverju þarf ég að skila og hversu oft?

Fjármálafyrirtækjum er nú gert að skila tilteknum upplýsingum um viðskiptavini sína til ríkisskattstjóra árlega og hafa þau gert það frá árinu 2017. Um er að ræða upplýsingar um einstaklinga, lögaðila og raunverulega eigendur lögaðila sem eru skattalega heimilisfastir í öðru ríki en á Íslandi og varða nöfn, erlendar skattkennitölur og heimilisföng framangreindra aðila. Fjármálafyrirtækjum ber jafnframt að upplýsa ríkisskattstjóra um eignir þeirra viðskiptavina sem eru skattalega heimilisfastir í öðru ríki en á Íslandi. Hér er um að ræða innstæður á öllum reikningum þeirra, vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og annan hagnað, s.s. söluhagnað fjármálaafurða umræddra viðskiptavina sem viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur upplýsingar um.

Tenging við FATCA

Aðilar sem eru skattskyldir í Bandaríkjunum heyra undir aðskildar reglur; FATCA (e. *Foreign Account Tax Compliance Act*). Sjá [upplýsingablað](#) um FATCA á gagnasafni vefsíðu SFF. Markmið CRS og FATCA er í grunninn það sama. CRS, aftur á móti, kallar á upplýsingaöflun um skattalega heimilisfesti innan ríkja OECD.

Hvar er frekari upplýsingar að finna?

Ríki óvissa um skattalega heimilisfesti eða skattskyldu utan Íslands skal hafa samband við ríkisskattstjóra, skattayfirvöld í viðkomandi landi, endurskoðanda eða hvern þann sem hefur heimild til að veita skattalega ráðgjöf. Fjármálafyrirtæki veita ekki ráðgjöf um skattaleg málefni viðskiptavina.



www.sff.is



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association